

Minnisblað

Dagsetning: 15. desember 2022

Viðtakandi: Sveinn Kári Valdimarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022. Verkefni 2 – Jökulsárgljúfur í Vatnajökulspjóðgarði. Gróður, jarðvegur og jarðminjar.

Í Jökulsárgljúfrum vestan ár eru fimm svæði vöktuð m.t.t. álags á gróður, jarðveg og jarðminjar; 1. Eyjan í Ásbyrgi, 2. Ásbyrgisbarmur ofan Botnstjarnar, 3. Hljóðaklettur og Rauðhólar, 4. Hafragilsfoss og 5. Dettifoss. Sumarið 2022 var eingöngu farið á svæðið við Hljóðakletta og Rauðhóla til að fylgjast með álagi þar.

Framkvæmd 2022

Vettvangsvinna fór fram 2. og 12. september og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur. Þar var/voru:

- gönguleiðir og umhverfi þeirra í Hljóðaklettum og Rauðhólum mynduð með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum í Hljóðaklettum og Rauðhólum þar sem fylgst er með álagi á jarðminjar og gróður. Þann 2. september var hluti gönguleiðar um Hljóðakletta lokaður vegna bleytu og því farið aftur 12. september til að klára myndatökuna.
- umhverfi bílastæða við Hljóðakletta og Langavatnshöfða skoðað m.t.t. framandi plöntutegunda. Um er að ræða nýtt verkefni þar sem markmiðið er fylgjast með mögulegum innflutningi og dreifingu framandi plöntutegunda við ný bílastæði og áningastæði við Hljóðakletta og Rauðhóla. Miklar framkvæmdir hafa verið á svæðinu með tilheyrandi raski á gróðri. Svæðið er því viðkvæmt gagnvart innflutningi tegunda.

Úrvinnsla

Frumgögnum hefur verið skilað inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e.

- Fastir myndvöktunarpunktar, jarðminjar og gróður.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn og gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndum úr flygildi af Hljóðaklettum og Rauðhólum var skilað inn til Náttúrufræðistofnunar til gerðar myndkorta.

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2022 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á jarðminjum og gróðri, jákvæðar eða neikvæðar. Myndkort frá 2021 af Ásbyrgisbarmi ofan Botnstjarnar er tilbúið hjá Náttúrufræðistofnun. Myndkort af Hljóðaklettum og Rauðhólum frá 2022 er ekki tilbúið og var myndkort frá 2020 notað við úrvinnslu í landfræðilega upplýsingakerfinu Qgis og útbúin mynd sem sýnir staðsetningu og ástand við myndvöktunarpunkta (1. mynd).

Niðurstöður og umræður

Hljóðaklettar-Rauðhólar


Farið var í Hljóðakletta um miðjan ágúst 2020 en í byrjun september 2022. Sumarið 2022 var búið að afmarka göngustíga í Hljóðaklettum með girðingu. Lokar hún mörgum hentistígum en einnig var búið að leggja af gönguleið sem merkt var fyrir nokkrum árum (1.mynd). Á tveimur stöðum voru hentistígar, sem hægt er að komast inná beggja vegna frá, aðeins lokaðir öðru megin en þyrftu að vera afgirtir báðum megin. Á 58% myndvöktunarpunkta sáust engar breytingar milli ára og ef þeir 8 punktar, þar sem ekki var tekin mynd, eru taldir með þeim punktum verða þeir 68% af heildinni (1. tafla). Neikvæðar breytingar sáust á 28% punkta og er það aukning um 8% frá 2020. Annað hvort hafði gróðureyðing og jarðvegsrof aukist vegna traðks eða rof orðið á jarðminjum við gönguleiðir. Miklar rigningar voru sumarið 2022 og gæti aukið traðk utan stíga hafa orðið vegna bleytu á göngustígum.

1.tafla. Breytingar á myndvöktunarpunktum milli áranna 2020 og 2022.

Breyting	Fjöldi punkta	Hlutfall %
Greinileg jákvæð breyting	0	0
Lítilsháttar jákvæð breyting	3	4
Engin breyting	46	58
Lítilsháttar neikvæð breyting	8	10
Greinileg neikvæð breyting	14	18
Mynd ekki tekin, afgirt svæði	8	10
Samtals punktar	79	100

Gróðurframvinda við bílastæði og áningarstaði við Hljóðakletta og á Langavatnshöfða

Litið var eftir framandi plöntutegundum á röskuðum svæðum við bílastæðin við Hljóðakletta og á Langavatnshöfða en einnig voru kantar nýs göngustígs að útsýnisstað á Langavatnshöfða skoðaðir. Ekki fundust neinar framandi plöntutegundir á svæðunum. Gróður verður lengi að jafna sig eftir framkvæmdir við bílastæðin og mætti ganga betur frá köntum við Hljóðaklettabílastæðið (2. – 3. mynd). Þar mátti einnig víða sjá hvar gestir ganga örna sinna úti í náttúrunni (4. mynd).



1. mynd. Staðsetning myndvöktunarpunkta í Hljóðaklettum og við Rauðhóla. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.



2. mynd. Ófrágengin skering við Hljóðaklettabílastæðið.



3. mynd. Gróðurtorfur með dauðum fjalldrapa í miðju Hljóðaklettabílastæði.



4. mynd. Salernispappír á víð og dreif í rjóðri við Hljóðaklettabílastæði.